

**Sp. 629. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]**

um skipun nefndar vegna söluerfiðleika búvara.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að skipuð skuli nefnd til að gera tillögu um, með hvaða hætti beri að bregðast við þeim vanda, sem íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir vegna söluerfiðleika hefðbundinna búvara á erlendum mörkuðum.

Hver þingflokkanna um sig tilnefnir einn mann í nefndina, en landbúnaðarráðherra skipar formann án tilnefningar.

Nefndin skili álitni fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

*Greinargerð.*

Íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir meiri óvissu varðandi útflutning hefðbundinna búvara en verið hefur um langt skeið.

Því veldur m. a. að útflutningsverð fer stöðugt lækkandi miðað við framleiðslukostnað innanlands og að sá markaður fyrir kindakjöt, sem hvað hagkvæmastur hefur verið, þ. e. norskur markaðurinn, hefur dregist verulega saman.

Af þessu leiðir m. a. að vaxandi líkur eru á að lögbundnar heimildir til að verðbæta útfluttar búvörur muni ekki nægja til að tryggja bændum fullt verð fyrir framleiðslu sína, þrátt fyrir að búvöruframleiðslan hefur á undanförunum árum dregist saman.

Þau viðhorf, sem nú blasa við, eru að því leyti alvarlegri en verið hefur, að útflutningsvandinn er nú að stærstum hluta tengdur sauðfjárbúskap, en sú grein landbúnaðarins leggur, svo sem kunnugt er, grundvöll að þeim sveitabyggðum sem ekki nærast af hinum daglegu viðskiptum við þéttbýlið. Hér er því vandamál sem getur haft meiri áhrif til röskunar byggðar í landinu en áður hefur þekkt. Þess vegna er lögð áhersla á skjót viðbrögð.

Í þeim efnum er vert að hafa sérstaklega í huga:

1. Lækkun framleiðslukostnaðar búvara.
2. Skipulagningu framleiðslunnar með tilliti til að byggð haldist í svipuðu horfi og nú er.
3. Skipulegt átak í markaðsmálum.

Í greinargerð fyrir tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í landbúnaði, 32. mál, er gerð nákvæm grein fyrir hinum margvíslegu viðhorfum í landbúnaði um þessar mundir, og má þar finna frekari upplýsingar.